Markaðspunktar

Arion banki

Arion banki * Greiningardeild * greining@arionbanki.is * arionbanki.is


Markaðspunktar í dag:

- Verðhjöðnun í júní – áfram lækkun í júlí ?

Verðhjöðnun í júní – áfram lækkun í júlí ?

Vísitala neysluverðs lækkaði **um 0,33%** í júní og mælist 12 mánaða verðbólga nú 5,7% samanborið við 7,5% í maí. Niðurstaðan var nokkurn veginn í takti við spá Greiningardeildar Arion banka sem spáði 0,2% lækkun, en spár helstu greiningaraðila voru á bilinu -0,3% til +0,1%.

Ástæða lækkunarinnar var einkum verðlækkun á eldsneyti og matvöru, sem var tilkomin vegna gengisstyrkingar krónunnar og lækkunar heimsmarkaðsverðs á eldsneyti.



Horfur fyrir júlí: Verðlækkanir vegna útsala – en bensínið hækkar

Styrking krónunnar mun áfram draga niður ýmsa liði vísitölunnar á næstunni. Í ofanálag mun verðlag lækka tímabundið í júlí vegna sumarútsala. Á hinn bóginn mun eldsneytisverðslækkun júnímánaðar ganga að hluta til baka og vega til hækkunar. Við gerum þó ráð fyrir að heildaráhrifin verði þau að vísitala neysluverðs lækki í júlí. Bráðabirgðaspá okkar gerir ráð fyrir 0,25% verðhjöðnun í júlí (12 mánaða verðbólga færi þá í 5,2%).

Helstu atriði:

- **Útsölur**. Síðustu tvö ár hafa sumarútsölur á fatnaði lækkað vísitölu neysluverðs um 0,4-0,5% í júlí, og gerum við ráð fyrir svipuðum áhrifum nú. Reynslan sýnir hinsvegar að útsöluáhrifin ganga að mestu til baka í ágúst og september, og verka þá til hækkunar verðlags.

- **Eldsneytisverð.** Eldsneytisverð hefur hækkað frá síðustu mælingu Hagstofunnar og jafngildir hækkunin nú um 0,10% áhrifum til hækkunar á vísitölu neysluverðs. Heimsmarkaðsverð á olíu hefur hinsvegar staðið í stað eða lækkað lítilleg á sama tímabili og gefur því ekki vísbendingu um að frekari hækkana sé þörf.

- **Af öðrum áhrifaþáttum** verðbólgunnar má nefna að þótt verð á nýjum bílum hafi lækkað töluvert í júní, þá komu áhrif þess ekki fram í vísitölu neysluverðs að þessu sinni. Hugsanlegt er að áhrifin komi að einhverju leyti fram í júlí eða á næstu mánuðum.

Horfur til lengri tíma. Að okkar mati eru fáir verðbólguhvetjandi þættir til staðar – kaupmáttur heimila er enn að dragast saman, atvinnuleysi er í hámarki og innlend eftirspurn því enn lág. Síðast en ekki síst hefur krónan verið að styrkjast síðastliðið hálft ár. Ólíklegt er því að verðbólgan rjúki upp meðan helstu forsendur, s.s. um stöðugt gengi, standast. Langtímaspá okkar gerir ráð fyrir að það dragi hratt úr verðbólgunni á seinni helmingi ársins. Það sem helst gæti ýtt undir verðbólgu eru væntanlegar gjaldskrárhækkanir orkufyrirtækja og hins opinbera.

Í lok árs gerum við ráð fyrir að tólf mánaða verðbólga verði komin í kringum verðbólgumarkmið Seðlabankans. Óvissan til skemmri tíma í spá okkar snýr einna helst að húsnæðisliðnum en erfitt hefur reynst að spá fyrir um þróun þess á undanförnu.

Hvaðan komu lækkanirnar ? Matvara og bensín vógu þyngst

Skoðum nánar hvaða þættir voru á bakvið lækkun vísitölunnar í júní:

- **Matvara og bensín lækkuðu mest**, og lækkuðu vísitöluna samtals um rúmlega hálft prósent (bensín: -0,34%, marvara: -0,23%). Af öðrum liðum sem lækkuðu má helst nefna flugfargjöld (-0,06%) ásamt húsgögnum og heimilisbúnaði (-0,03%).

- **Litlar hækkanir**. Engir liðir höfðu hinsvegar sérstaklega mikil áhrif til hækkunar. Helst mætti nefna að húsnæðisverðið (reiknuð húsaleiga) hafði 0,06% áhrif til hækkunar og pakkaferðir og föt hækkuðu vísitöluna hvort um sig um 0,05%. Segja má að árstíðabundnar hækkanir tengdar sumrinu hafi því verið afar litlar í mánuðinum, og virðast þessi áhrif því að mestu hafa verið bundin við maímánuð.

Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka		
Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Davíð Stefánsson	david.stefansson@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973
Þórhallur Ásbjörnsson	thorhallur.asbjornsson@arionbanki.is	444-6967
Ábyrgðarmaður: Ásgeir Jónsson		

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is